

Ed.

809. Nefndarálit

[165. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. þetta ýtarlega á mörgum fundum, og hafa mætt á fundum nefndarinnar stjórn Landssambands framhaldsskólakennara, rektor Menntaskólans í Reykjavík, Pálmi Hannesson, og fræðslumálastjóri, Helgi Eliasson. Þá hafði nefndin samband við formann millipinganeftdar í skólamálu, prófessor Ásmund Guðmundsson.

Rektor Menntaskólans í Reykjavík er því meðmæltur fyrir hönd síns skóla, að frumvarpið nái fram að ganga, en allir aðrir skólamenn, sem nefndin ræddi við, lögðu eindregið gegn því.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Minni hl. (SÓÓ og ÞÞ) vilja láta samþykkja frv., en við undirrituð leggjum til, að það verði fellt.

Frumvarp þetta er um það að veita ríkisstjórninni heimild til þess að láta tveggja ára óskipta miðskóladeild starfa við menntaskólana á Akureyri og í Reykjavík til vorsins 1953. Hér er um að ræða allverulega breytingu á skólakerfi landsins, byggða á undanþágu, sem samþykkt var á Alþingi 19. maí 1949 til handa Menntaskóla Akureyrar. Eins og þetta mál liggur nú fyrir, er raunverulega um það að ræða að gera hina tvo fjögurra vetra menntaskóla að 6 vetra skólum, þar sem yngstu nemendurnir ljúki á tveim vetrum því námi, sem nemendur á þeirra aldri hafa 3 vetur til í öðrum skólum. Gegn þessu skipulagi hefur mjög verið mælt af ýmsum þeim skólamönnum, sem nefndin ræddi við, og telja þeir, að með því sé ofboðið getu flestra unglinga á þessu þroskaskeiði, þannig að þeir bíði þess seint bætur. Að vísu er ekki gert ráð fyrir þessu nema með eina deild við hvorn skóla fyrst í stað, en eftir þeirri þróun, sem það mundi sýna, ef frv. það, sem hér liggur fyrir, yrði að lögum, gæti ekki liðið á löngu þar til þær deildir yrðu fleiri og skipulag menntaskólanna þá nákvæmlega eins og það var, að því er Menntaskólann í Reykjavík snerti, áður en hin nýja skólalöggjöf gekk í gildi, með því kapphlaupi, sem þá var um það að komast inn í þessa skóla. Telur meiri hlutinn, að með því að samþykkja frv. sé farið inn á hættulega braut og að með því sé höggvið stórt skarð í fræðslukerfi landsins, sem enn er þó ekki fengin fullnaðarreynsla á.

Ef starfrækt yrði gagnfræðadeild við báða menntaskólana, er stórkostlega gengið á rétt þeirra nemenda, sem með því að standast landspróf öðlast réttindi til þess að fá inngöngu í menntaskóla, þegar húsrúm það, sem skólar þessir hafa yfir að ráða, er notað handa nemendum gagnfræðadeildar. Rektor Menntaskólans í Reykjavík upplýsti, að hann hefði verið að því kominn á síðastliðnu hausti að neita nokkrum nemendum um rúm í skólanum og Menntaskóli Akureyrar getur ekki nú sem stendur tekið við nærri því öllum þeim nemendum, sem óska eftir vist í heimavist skólans, vegna þess að heimavistin er að nokkru setin gagnfræðanemendum. Búizt er við, að enn þá aukist aðsókn að menntaskólunum, og má því búast við því, að fyrr en varir verði farið að neita landsprófsnemendum um skólavist, og því fremur, ef skólarnir verða jafnframt gagnfræðaskólar. Mundu þá eðlilega þeir nemendur, sem stundað hafa nám í gagnfræðadeildum skólanna, sitja fyrir skólavist, en það væru börn úr bæjum þeim, sem menntaskólarnir eru staðsettir í. Takmarkanirnar mundu því fyrst og fremst koma niður á nemendum víðs vegar að af landinu, sem ætlað var með skólalöggjöfinni nýju að tryggja jafnréttisaðstöðu við nemendur úr Reykjavík og frá Akureyri.

Þá er alveg vist, að breyting sú, sem gert er ráð fyrir með frv., mundi kosta ríkissjóð stórfé, að nokkru leyti sökum þess, að kostnaðurinn við hinar nýju deildir menntaskólanna flyzt yfir á ríkið, að þeim hluta, sem bæirnir greiða kostnað við gagnfræðaskólana, og að nokkru leyti sökum þess, að óhjákvæmilega mundu koma

fram kröfur um launahækkunir kennara við lærdómsstig þau, sem eru hliðstæð við gagnfræðadeildir menntaskólanna.

Alþingi, 5. marz 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir, Hannibal Valdimarsson. F. R. Valdimarsson.
fundaskr., frsm.

Fylgiskjal I.

FRÆDSLUMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 5. marz 1951.

Samkvæmt ósk meiri hl. menntamálanefndar Ed. Alþingis staðfestast hér með bréflaga meginatriði máls míns á fundi nefndarinnar hinn 2. þ. m. um það, hvers vegna ég tel, að óheppilegt sé, að haldin verði miðskóladeild við menntaskólana á Akureyri og í Reykjavík, en farið er fram á, að Alþingi veiti heimild til þessa, sbr. þskj. 707.

Á téðum fundi menntamálanefndar Ed. vísaði ég fyrst til A-liðs umsagnar minnar og greinargerðar, er ég sendi menntamálanefnd Nd. hinn 7. f. m., um frumvarpið eins og það var lagt fram í þeirri deild á þskj. 564, um breyting á lögum um menntaskóla. Bréfið fylgir hér með í samriti. Enn fremur tók ég fram við menntamálanefnd Ed. eftirfarandi atriði um frumvarpið eins og það liggur nú fyrir.

1. Meiri hluti barna í landinu lýkur nú burtfararprófi úr barnaskóla — barna-prófi — einu ári fyrr en fyrir fáum árum, og koma börn því ári yngri til gagnfræðanáms en áður.
2. Það er andlegur þrældómur að ætla unglingum — frá 13 ára aldri — að ljúka miðskólaprófi, sem er þriggja ára nám, á 2 árum, nema um afburða duglega og þroskaða unglinga sé að ræða. Má í því sambandi benda á það, að til undirbúnings tveggja ára gagnfræðanámi í menntaskólanum í Reykjavík þurfti nám í úrvals 8. bekk í barnaskólunum, sem sízt var léttara en nú er í 1. bekk gagnfræðaskóla, eða í sérstakri undirbúningsdeild. Úr öllum þessum hópi voru svo valdir 25 duglegustu nemendurnir til náms í 1. bekk menntaskólans.
3. Alþingismönnum er a. m. k. kunnugt um raddir í þá átt, að nýju fræðslulögin stefni að því að hneppa æsku landsins í skólafjötra og einhæft bóklegt nám. Þetta er að vísu mesti misskilningur, en verði lögfestar miðskóladeildir í menntaskólunum, þá fer ekki hjá því, að kennsluaðferðir, námsstörf og próf beinast inn á enn einskorðaðri brautir en nú er og hneppa störf skólanna í fjötra, sem a. m. k. allir hugsandi menn hljóta að fordæma.
4. Ég benti á það, að vel þyrfti að vanda val þeirra nemenda, sem fara ættu til menntaskólanáms eða annars langskólanáms. Þar væru þekkingar- og minnisprófin ekki einhlít. Aðrir hæfileikar og þroski þyrfti að koma þar til greina, og væru rannsóknir dr. Matthíasar Jónassonar mikilvægur liður í því að finna sem réttastar leiðir í þessu efni.
5. Þótt ég telji vist, að húsnæði í menntaskólanum á Akureyri verði sízt of mikið fyrir lærdómsdeildir þar, þá eru þó enn lakari húsnæðisskilyrði í menntaskólanum í Reykjavík.
6. Hvað sem fjármálum eða öðru líður, þá tel ég, að í skólalöggjöf og skólastörfum beri að leggja höfuðáherzluna á efniviðinn, sem unnið er með, þ. e. nemendurna, og gera ekki kröfur til þeirra, sem ekki eru í samræmi við aldur þeirra, hæfni og þroska.

Helgi Eliasson.

Til menntamálanefndar Ed., Alþingi.

Fylgiskjal II.

Hluti af bréfi fræðslumálastjóra til menntmn. Nd., dags. 7. febr. 1951.

.... legg ég til:

A. Í fyrsta lagi: Að frumvarpið verði fellt eða því vísað frá með rökstuddri dagskrá.

Greinargerð eða rökstuðning fyrir A-lið tillögu minnar er að finna í fylgiskjölum þeim (II—V), sem prentuð eru með nefndarálitni háttv. menntamálanefndar Alþingis 1948—49, þskj. 611, um frv. til laga um breyt. á l. um menntaskóla, og fylgir það hér með. Vegna greinargerðar frv., eins og það liggur nú fyrir Alþingi, vil ég enn fremur benda á — og/eða ítreka — eftirfarandi:

1. Ríkissjóður greiðir einn allan kostnað við rekstur menntaskóla, en helming rekstrarkostnaðar miðskóla.
2. Skýrsla grg. frv. um nemendur sýnir, að 18 miðskóladeildarnemendur hafa verið látnir sitja fyrir 39 lærdómsdeildarnemendum um heimavist.
3. Á sama tíma og sótt er fast af M.A. að fá fé til aukinna bygginga fyrir skólann, kemur fram ótti um það, að ekki verði hægt að nýta allt það húsnæði, sem skólanum er nú talið nauðsynlegt, nema með því að fara inn á verksvið annarra skóla. (Á sama tíma fæst ekkert gert í húsnæðisvandamálum Menntaskólans í Reykjavík.) Að visu er ég þeirrar skoðunar, að þegar heimavistarhús M.A. verður fullbúið, þá muni ekki standa á lærdómsdeildarnemendum að fylla það. Og vart trúi ég öðru en að kennarar M.A. telji þörf á húsnæði því, er fæst þegar heimavistin flytur úr skólahúsinu, fyrir sérgreinastofur, söfn o. fl. Þessa mun ekki vanþörf.
4. Það er síður en svo æskilegt, að verið sé að láta nemendur hraða námi umfram aldur sinn, og reynsla erlendis og hérlandis hefur sýnt, að það getur verið mis-skilinn metnaður eða sparnaður að láta þá „hlaupa yfir bekk“. Þótt nemendur geti lært námsefni, sem ætlað er eldri nemendum, þá borgar sig ekki að láta lærdóminn hlaupa fram úr andlegum og líkamlegum þroska. Það er álit sérfróðra uppeldis- og sálfræðinga, að ekki ætti að láta nemendur taka próf um aldur fram, nema um afburða þroska — andlegan og líkamlegan — sé að ræða.
5. Miðskólanám er þriggja ára nám, svo að M.A. yrði 7 ára skóli, ef frumvarpið verður að lögum.

Fylgiskjal III.

Hvað kostar miðskóladeild í menntaskóla ríkissjóð meir en sama deild í héraðs- eða gagnfræðaskóla?

I. Í kennaralaunum:

- | | |
|---|-------------|
| a. Mismunur á föstum grunnlaunum menntaskólakennara í 9 mán. og gagnfræðaskólakennara í 8 mán. verður (28800—24000) .. | kr. 4800.00 |
| b. Mism. á kennsluskyldu menntask.kennara og gagnfræðaskólakennara (30—27), 3 st. á viku í 36 vikur á 23.10 | — 2494.40 |
| c. Launauppbót og verðlagsuppbót á a+b, 41.45% af kr. 7298.40 | — 3025.19 |
| d. Mismunur á stundakennslu menntaskólakennara og gagnfræðaskólakennara (þ. e. það, sem á vantar kennslustundafjölda í einni deild (35—30 st.)), kr. 32.67—27.58 = 5.09, 5 st. í 32 vikur | — 914.40 |

Samtals kr. 11237.99

II. Annar rekstrarkostnaður á deild a. m. k. — 10000.00

Alls I+II kr. 21237.99

Fylgiskjal IV.

MILLIÞINGANEFND Í SKÓLAMÁLUM

Reykjavík, 14. marz 1949.

Menntamálaráðuneytið hefur með bréfi, dags. 1. þ. m., sent skólamálanefndinni til umsagnar frumvarp til laga á þskj. 302 um breyting á lögum um menntaskóla, nr. 58 frá 7. maí 1946.

Skólamálanefndin leggur eindregið á móti því, að umrætt frumvarp verði lögfest. Breyting sú, sem þar er farið fram á, er mjög varhugaverð og getur orðið örlagarík, einkum fyrir miðskóla og gagnfræðaskóla, bæði í sveitum og kaupstöðum. Mundi hún rífa niður sumt af því mikilvægasta, sem nefndin vildi byggja upp með hinni nýju skólalöggjöf, og raska skólakerfinu.

Máli sínu til stuðnings vill nefndin benda á eftirfarandi atriði:

1. Nefndinni er það kunnugt, að fái Menntaskóli Akureyrar (M. A.) að halda gagnfræðadeild — eða öllu heldur miðskóladeild — þá mun koma sams konar krafa frá Menntaskólanum í Reykjavík; krafa, sem yrði að sinna, því að auðsætt er, að hið sama verður að gilda í þessum efnum fyrir menntaskólana báða. Hefur Menntaskólinn í Reykjavík alltaf farið eftir reglugerð og lögum, starfar 1. bekkur gagnfræðadeildar ekki í vetur, og munu síðustu gagnfræðingar útskrifast þaðan í vor.

2. Skólamálanefnd vantroystir auðvitað á engan hátt menntaskólum til að annast gagnfræðanám, en hún vill greina það frá þeim af þeirri ástæðu, að með því móti verður skólakerfi landsins samfelldara og hagkvæmara og menntaskólarnir skipaðir samstæðari og þroskaðri nemendum. Takist ekki samfelldum 4 ára menntaskóla að móta til góðs nemendur sína, þá mun það trauðla takast heldur, þótt hann verði 6 eða 7 ára skóli.

3. Það mun vera sameiginlegt álit miðskóla og gagnfræðaskóla, að vegur þeirra sé til muna aukinn með því, að þeim sé treyst til þess að búa efnilega nemendur undir nám í menntaskóla og kennaraskóla. Hafa þeir talið sér það mikinn ávinning. Úr honum mundi það draga, ef menntaskólarnir fengju í reyndinni eins konar forréttindi að þessum undirbúningi, og mundu skólar gagnfræðastigsins telja sér sýnt vantraust með þessu móti.

4. Ef menntaskólarnir yrðu jafnframt miðskólar, þá mundi aftur hefjast hið óhugnanlega kapphlaup aðstandenda um að koma börnum sínum inn í þá og Reykvikingar og Akureyringar standa öðrum landsmönnum miklu betur að vígi í þeim efnum. Kæmist þá aftur á óeðlilegt misrétti. Virðist nefndinni, að þetta mundi sízt verða til þess að hamla gegn því, að aðstandendur efnilegra nemenda í dreifbýlinu flyttu til Akureyrar eða Reykjavíkur sökum þess, að þeir teldu sér þá auðveldara fjárhagslega að standast kostnað við námsdvöl barna sinna.

5. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að landspróf — þar mun vera átt við miðskólapróf samkv. núgildandi reglugerð — gildi til upptöku í 3. bekk M. A., en að öðru leyti starfi skólinn með sama fyrirkomulagi og hingað til. Ef þetta yrði lögfest, þá tækju nemendur M. A. raunverulega tvisvar próf, sem veitti rétt til lærdómsdeildarnáms, þ. e. miðskólapróf og 3.-bekkjarpróf M. A. Mundi þetta torvela samstarf menntaskólanna og valda ósamræmi. Hlýtur öllum að vera ljóst, hversu fráleitt þetta er, t. d. vegna nemenda, sem flyttu búferlum milli Reykjavíkur og Akureyrar. Ekki kemur annað til mála en að lærdómsdeild M. A. verði í samræmi við ákvæði laganna um menntaskóla — eins og er í Menntaskólanum í Reykjavík, — þ. e. 4 ár, svo sem miðskólaprófið veitir réttindi til, enda raskar það á engan hátt því, sem nefndinni virðist aðalatriði frumvarpsins, þ. e. langdvöl nemenda í M. A.

6. Þeir, sem að frumvarpinu standa, hafa sýnilega ekki gert sér það ljóst, að ef M. A. fengi að hafa miðskóladeild, þá yrði hún að taka við börnum að loknu barnaprófi, sem lokið er á því ári, er þau verða 13 ára, þ. e. ári fyrr en fullnaðarprófi var lokið eftir eldri fræðslulögum. Þessi skipan um barnapróf er þegar komin á í flestum kaupstöðum landsins — m. a. á Akureyri — og í allmörgum þorpum.

M. A. yrði þá að hafa þessa nemendur í 3 ár áður en þeir kæmst í núverandi 3. bekk, eða 7 ár alls til stúdentsprófs.

7. Oftast er mjög erfitt að ákveða það um börn á 13. ári, hvort rétt sé og æskilegt, að þau leggi stund á langskólanám. Enda mun það almennt álit uppeldisfræðinga, að heppilegt sé, að ákvörðun um slíkt sé frestað, unz börnin hafa náð meiri þroska. Þer nútímaskólalöggjöf helztu menningarþjóða einnig vitni um þá skoðun.

8. Ríkissjóður þer allan kostnað við stofnun og rekstur menntaskóla, en ekki nema helming stofnkostnaðar skóla gagnfræðastigsins og reksturs að frátöldum launum fastra kennara. Auk þess eru laun menntaskólakennara nokkru hærrí en laun gagnfræðaskólakennara. Ef umrætt frumvarp yrði að lögum, mundi það því hafa aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð. Enn fremur má telja víst, að aðrir miðskólar og gagnfræðaskólar mundu fara fram á, að ríkissjóður greiddi einnig allan kostnað við stofnun og rekstur þeirra.

9. Þess má geta, að í Svíþjóð hefur á undanförunum árum farið fram endurskoðun skólakerfisins. Tillögur skólamálanefndar Svía voru birtar síðastl. vor. Þar er lagt til, að menntaskólar verði þriggja ára skólar, en upp í efsta bekk gagnfræðaskólanna fari fram val á þeim nemendum, sem fara eiga í menntaskóla, og kennslan síðasta veturinn í gagnfræðaskólanum samsvari í raun og veru námi í 1. bekk menntaskóla. Í Svíþjóð er með öðrum orðum stefnt í gagnstæða átt við umrætt frumvarp um 6 ára, eða réttara sagt 7 ára, samfelldan menntaskóla. Sænskir menntaskólakennarar eru sömu skoðunar og skólamálanefndin hér á landi og vinna að því, að menntaskólar verði fjögurra ára skólar.

Í þessu sambandi vill skólamálanefnd láta í ljós það álit sitt, að 1. bekkur fjögurra ára menntaskóla eigi að vera það þungur, að eigi komist aðrir nemendur upp úr honum en þeir, sem menntaskólarnir telja, að vel séu hæfir til langskólanáms.

10. Sökum þess, að miðskólapróf hefur ekki verið hagkvæmur undirbúningur undir 3. bekk M. A., hafa héraðs- og gagnfræðaskólar á Vestur- og Norðurlandi til þessa yfirleitt ekki talið sér hentugt að miða kennslu sína við miðskólapróf. Þeir hafa því sent ýmsa efnilega nemendur til Akureyrar — stundum um miðjan vetur — til þess að vera þar í menntaskólanum og taka þar próf. Í vetur eru þessir skólar að byrja á því að búa nemendur sína undir að ljúka miðskólaprófi hjá sér í þeirri von, að eigi þurfi að láta þá taka það í menntaskólunum.

11. Viðvikjandi greinargerð frumvarpsins vill skólamálanefndin taka þetta fram:

- a. Það er vitanlegt — enda svo ráð fyrir gert í lögnum um fræðsluskyldu og skólakerfi — að það tekur allmörg ár að koma hinni nýju skólalöggjöf í framkvæmd til fulls. Þótt hin nýju lög hefðu ekki komið, þá hefði nemendafjöldi og skólalahaldskostnaður samt aukizt jafnt og þétt. Skólahús hefði þurft að byggja hvort eð var — og kennurum hefði orðið að fjölga í hlutfalli við nemendatölu. Það er því fullkominn misskilningur, að hið nýja skólakerfi valdi eitt öllum auknum skólalahaldskostnaði fyrir þjóðarheildina. Hitt mun sönnu nær, að hið hagfellda skólakerfi auðveldar einstaklingum að standast kostnað við námsdvöl skjólstæðinga sinna, og samræmi er fengið um skiptingu skólalahaldskostnaðar milli ríkissjóðs og sveitarsjóða. Með umræddu frumvarpi yrði ríkissjóði óhjákvæmilega gert að greiða meiri kostnað af gagnfræðanámi en skólalöggjöfin nýja gerir ráð fyrir, eins og þegar hefur verið bent á.
- b. Um langdvöl í sama skóla hefur þegar verið rætt hér að framan. Því má þó bæta við, að nokkur þroskaauki og víðsýni getur fengizt af því fyrir nemendur, að vera ekki öll sín þroskaár undir sömu stjórn og aga.
- c. Það, sem sagt er um hina góðu aðstöðu hér í Reykjavík til gagnfræðanámsins, er hin mesta fjarstæða. Hvergi á landinu mun aðstaðan lakari í húsnæðismálunum. Báðir gagnfræðaskólar bæjarins búa við mjög lélegt bráðabirgðahúsnæði. Tvisett er í allar stofur skólanna, og 1. bekkur, fyrir 13 ára börn, er allur til húsa í barnaskólum bæjarins. Á þessu verður að vísu ráðin örlítill bót, þegar hið

nýja gagnfræðaskólahús með 11 almennum kennslustofum verður tekið til notkunar.

- d. Þótt hið nýja heimavistarhús M. A. muni rúma um 170 nemendur, þegar það verður fullbyggt, þá má gera ráð fyrir því, að svo margir sæki menntaskólann, að ekki verði einu sinni unnt að fullnægja eftirspurn utanbæjarnemenda. Síðastliðinn vetur voru 20 utanbæjarnemendur í 1. bekk gagnfræðadeildar M. A., þar af aðeins 1 í heimavist. Í 2. bekk voru 37 utanbæjarnemendur, þar af 9 í heimavist. Þetta kemur ekki vel heim við það, sem sagt er í greinargerðinni.
- e. Nefndin ber síður en svo brögður á, að agi og góð stjórn hafi verið og sé í M. A., en þrátt fyrir það telur hún, að skólanum verði hagur að því að losna við yngstu nemendurnar — börnin — svo að hópurnir verði samstæðari en verið hefur. Það verður því spor áfram en ekki aftur á bak, ef farið verður eftir núgildandi lögum án breytinga.
- f. Um samþykktir eða áskoranir þær, sem getur í greinargerðinni, þarf eigi margt að segja. Þær eru hver annarri líkar og munu vart byggðar á nákvæmri athugun á því, sem verða mun, ef hin nýja skólalöggjöf fær að njóta sín eftir því, sem efni standa til. Telur skólamálanefndin líklegra, að fólk almennt kjósi frekar að halda sem lengst börnum sínum og unglingum frá kaupstöðunum, sé kostur á hliðstæðri kennslu annars staðar.

12. Skólamálanefndin hefur kynnt sér efni effirtalinna gagna, sem send hafa verið menntamálanefnd Nd. Alþingis varðandi þetta frumvarp:

1. Bréf frá Þorsteini M. Jónssyni skólustjóra, dags. 13. febr. 1949.
2. Ályktun kennarafundar G. A. hinn 7. s. m.
3. Afrit af fundargerð fræðsluráðs Akureyrar á fundi 10. s. m.
4. Vottorð héraðslæknis 10. febr. 1949 um húsnæði Gagnfræðaskóla Akureyrar.
5. Bréf fræðslumálastjóra, dags. 20. ág. f. á., þar sem ræðir um það, hvort heimila skuli, að M. A. hafi 1. bekk gagnfræðadeildar í vetur.

Nefndin fellst á þau rök, er þar koma fram.

Enn fremur hefur skólamálanefnd haft til athugunar ályktun kennarafundar M. A., dags. 13. febr., ásamt greinargerð, og kemur afstaða nefndarinnar fram í því, er segir um áður nefnt frumvarp í heild.

F. h. Millipinganevndar í skólámálum.

Ásmundur Guðmundsson. Helgi Eliasson.

Fylgiskjal V.

Úr gerðabók F. M. K. (Félags menntaskólakennara).

„Á aðalfundi félagsins, er haldinn var í Reykjavík dagana 24.—28. júní 1945, voru eftirfarandi tillögur samþykktar:

„Fundur í Félagi menntaskólakennara telur, að frumvörp þau, er millipinganevnd í skólámálum hefur lagt fram, stefni í rétta átt og séu í samræmi við þá þróun, sem orðið hefur í skólámálum landsins hin síðari ár. Jafnframt leggur fundurinn áherzlu á, að varast beri, að ákvæðum hins fyrirhugaða skólakerfis verði beitt þannig, að þau bindi um of starfsháttu hinna einstöku skóla, t. d. megi ekki miða kennslu í hinum lægri skólum eingöngu eða aðallega við undirbúning undir menntaskólana; enn fremur verði ákvæðum um aldurstakmark beitt með fyllstu varúð, þegar í hlut eiga framúrskarandi gáfaðir og þroskaðir nemendur.“

.....“

Fylgiskjal VI.

LANDSSAMBAND FRAMHALDSSKÓLAKENNARA

Reykjavík, 23. febrúar 1951.

Stjórn Landssambands framhaldsskólakennara hefur athugað frv. á þskj. 564, um breytingu á lögum um menntaskóla, ásamt greinargerð flutningsmanna og rökstuðningi Menntaskólans á Akureyri. Þá er stjórninni og kunnugt um þær breytingar, sem frv. hefur tekið við meðferð háttv. neðri deildar. Stjórn Landssambandsins leyfir sér hér með að skora á háttv. Alþingi að höggva ekki það skarð í nýlega stofnað fræðslukerfi landsins, sem samþykkt þessa frv. mundi hafa í för með sér. Í því sambandi bendir stjórnin á fyrri rökstuðning sinn gegn sams konar aðgerðum, sbr. bréf dags. 2. maí 1949.

Til viðbótar skal fyrst og fremst tekið fram, að þau rök Menntaskólans á Akureyri, að hann geti veitt þá fræðslu á tveimur árum, sem aðrar menntastofnanir þurfa til 3 ár, eru, eins og gefur að skilja, algerlega staðlausir stafir. Kennarar Menntaskólans á Akureyri hafa enn enga reynslu fengið um það, hve skjótt þeim mundi takast að mennta barnaprófsbörn, svo að þau geti staðizt landspróf miðskóla. Aðrir skólar hafa engu síður kennt úrvalsbörnum með eldra fullnaðarprófinu á tveimur árum undir sama próf og náð hliðstæðum árangri.

Tilgangur skólalöggjafarinnar er ekki hvað sízt sá, að nemendur þurfi yfirleitt ekki að sækja langt að til miðskóla- og gagnfræðanáms. Stofnun miðskóladeildar við Menntaskólann á Akureyri er spor í öfuga átt. Á Akureyri er gagnfræðastigið vel sett með húsrúm, og í Norðlendingafjórðungi, utan Akureyrar, fer þegar fram miðskólakennsla við 2 héraðsskóla og a. m. k. 4 kaupstaðarskóla. Allir þessir skólar hafa þegar sýnt, að þeir eru verkinu vaxnir, og allir geta þeir án aukakostnaðar aukið tölu miðskólanemenda. Heimavistarhúsnæði Menntaskólans á Akureyri réttlætir vitanlega á engan hátt slíka undanþágu, enda ber skýrsla skólans sjálfs með sér, að nú þegar væru aðeins 28 rúm ófyllt af menntadeildarnemum, þó að allar vistarverur væru fullgerðar. Virðist engin ofrausn, þótt skólinn eigi þessi fáu rúm til að mæta óhjákvæmilegum vexti menntaskólans sjálfs.

Menntaskólinn í Reykjavík hefur ekki einu sinni upp á neinar heimavistir að bjóða, né heldur ónotað húsnæði, sem réttlæti stofnun miðskóladeildar við þann skóla. Alkunnugt er, hve forustumenn þess skóla hafa talið nauðsynlegt að auka húsrými hans vegna aukinnar aðsóknar að menntaskólanámi. Það hljóta því að vera önnur rök, sem að því hniga að taka upp í frv. þetta sams konar undanþágu við Menntaskólann í Reykjavík. Þótt enn sé þrengra um húsrúm fyrir gagnfræðanámið í höfuðstaðnum en vera ætti og mun þrengra en á Akureyri og á Norðurlandi yfirleitt, þá má vissulega segja slíkt hið sama um menntaskólanámið hér. Á báðum stöðunum eiga menntaskólarnir fyrir höndum að sinna hratt vaxandi aðsókn að menntaskólanámi, svo að þeim er hvorugum þörf né rétt að seilast eftir viðfangsefnum annarra námsstiga.

Í rökstuðningi Menntaskólans á Akureyri er að því vikið, að kerfi fræðslulaganna hafi verið sniðgengið, t. d. með menntaskólanámi á tveim stöðum og með starfrækslu unglingsdeilda við barnaskólana í Reykjavík.

Það er misskilningur, að fræðslulöggjöfin sé hér sniðgengin. Með framhaldsnámi við gagnfræðaskólann á Ísafirði og héraðsgagnfræðaskólann á Laugarvatni er fram haldið þeirri stefnu, sem þessi skólalöggjöf markar í þá átt að dreifa framhaldsskólakennslu um landið. Þessi stefna kemur m. a. fram í 1. gr. laga um menntaskóla, þar sem gert er ráð fyrir stofnun menntaskóla í sveit, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum. Reynsla sú, sem þegar er fengin af starfrækslu menntaskóladeilda fyrir fyrrnefnda skóla, bendir aðeins til þess, að hagkvæmt muni að dreifa einnig a. m. k. nokkrum hluta menntaskólanáms meir en gert hefur verið.

Í tveimur barnaskólum Reykjavíkur starfa nú unglingsdeildir. Er það í fullu samræmi við lög um gagnfræðanám, enda eru til þeirra ráðnir gagnfræðakennarar.

Þar er því ekki um neina sniðgöngu á skólakerfinu að ræða, heldur bráðabirgðatilhögun, sem lögin sjálf gera ráð fyrir að gripið sé til, meðan nægilegar skólastofnanir eru að komast á laggirnar. Slík bráðabirgðatilhögun í Reykjavík styður því á engan hátt stofnun miðskóladeilda við menntaskólana.

Þá vill stjórn Landssambandsins leyfa sér að vekja athygli hins háa Alþingis á því, að færi svo, að stofnað yrði til miðskólanáms við menntaskóla, yrði skiljanlega að tryggja öllum miðskólakennurum sömu laun fyrir starf sitt, hvort sem það færi fram í gagnfræðaskóla, héraðsskóla eða menntaskóla.

Um nýtt skólakerfi má að sjálfsögðu lengi deila. Skólakerfi þetta var vandlega undirbúið af millipinganevnd og háttvirtu Alþingi. Reynslan ein verður að skera úr því, hvort vel eða illa hefur tekizt um löggjöf þessa, og enn er vitanlega allt of snemmt að segja, hvernig sá dómur verður. Hins vegar verður úrskurður reynslunnar a. m. k. tafinn með þeim hringlanda í skólalöggjöfinni, sem hér er stofnað til. Leiði reynslan í ljós verulega galla á skólakerfinu eða framkvæmd þess, ber að sjálfsögðu að rannsaka orsök þeirra gaumgæfilega og leita eftir leiðum til að uppræta gallana. Ekkert slíkt liggur enn fyrir. Ber því að forðast ónauðsynlegar undanþágur eins og þá, sem hér er borin fram, en ganga með einhug að framkvæmd settrar löggjafar, svo að hún megi sem fyrst koma að fullum notum.

Um leið og stjórn Landssambands framhaldsskólakennara sendir háttvirtri menntamálanefnd efri deildar þetta álit sitt, leyfir hún sér að óska viðtals við nefndina, þegar umrætt frv. verður tekið fyrir til athugunar.

Virðingarfyllt.

F. h. stjórnar Landssambands framhaldsskólakennara,

Helgi Þorláksson,
form.

Sigurður Ingimundarson,
varaform.

Helgi Tryggvason,
ritari.

Til menntamálanefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal VII.

Yfirlýsing frá gagnfræðaskólakennurum.

Undirritaðir kennarar, sem starfa við miðskóladeildir gagnfræðaskólanna í Reykjavík, telja sjálfsagt, að öllum kennurum, er starfa við miðskóladeildir, verði tryggð sömu laun, hvort sem þær deildir eru í gagnfræðaskólum, héraðsskólum — eða menntaskólum, ef til þess kemur.

Vér teljum sérstaka ástæðu til að taka þetta fram nú, þar eð fyrir Alþingi liggur frumvarp (á þingskjali 564), sem gerir ráð fyrir, að miðskóladeildir verði starfræktar við menntaskólana. Ef frumvarp þetta yrði samþykkt, væri raskað þeim grundvelli launalaga, sem réttlætir launamun kennara menntaskóla og gagnfræðaskóla.

Reykjavík, 23. febrúar 1951.

Sveinbjörn Sigurjónsson. Skúli Þórðarson. Árni Guðnason. Guðmundur Þorláksson. Ástráður Sigursteindórsson. Guðrún Helgadóttir. Adolf Guðmundsson. Jón Guðjónsson. Vignir Andrésson. Gunngeir Pétursson. Skarphéðinn Haraldsson. Stj. Guðmundsson. Bína Kristjánsson. Björn Bjarnason. Björn Þorsteinsson. Ingólfur Davíðsson. Sverrir Kristjánsson. Óskar Magnússon frá Tungunesi. Sigurður Ingimundarson. Sverrir Arngrímsson.